

A photograph of an elderly man standing on a balcony. He is wearing a dark pinstriped suit, a white shirt, a blue and white striped tie, and a dark flat cap. He is holding a long-barreled rifle diagonally across his body. The balcony has a green floor and a white railing. In the background, there is a large potted plant and a window. The text 'Listahátíð í Reykjavík 2010' is overlaid in white script, with '12. MAÍ - 5. JÚNÍ' in smaller white text to the right. Below the main title, 'REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL' is written in white capital letters. There are also several colorful starburst graphics in the lower right area.

Listahátíð í Reykjavík 2010

12. MAÍ - 5. JÚNÍ

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



Hrefna Haraldsdóttir, stjórnandi Listahátíðar

RAUNVERULEIKATÉKK - LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Í 40 ÁR

Listahátíð hefur á liðnum 40 árum alltaf sinnt sínu lykilhlutverki að tefla fram framúrskarandi alþjóðlegu listafólki í bland við það besta sem býr í okkar eigin menningu. Það er mikilvægt ekki síst nú á tímum að halda öfluga Listahátíð sem skerpir sýn okkar á okkur sjálf og eykur jafnframt skilning á umheiminum, auðgar líf okkar og byggir upp jákvætt orðspor.

Dagskrá Listahátíðar í vor endurspeglar mikla grósku í listum. Framúrskarandi listamenn og helstu menningarstofnanir okkar koma að fjölbreyttum og metnaðarfullum verkefnum á sviði tónlistar, leikhúss, dans og myndlistar. Auk fjölda íslenskra listamanna í fremstu röð koma á hátíðina í vor erlendar stórstjórnur sem og listamenn á hraðri uppleið. Erlendir gestir Listahátíðar koma meðal annars frá Litháen, Noregi, Malí, Finnlandi, Spáni og Bandaríkjunum.

Á Listahátíð í ár verður í fyrsta sinn hér á landi haldin sérstök hátíð ljósmyndarinnar, undir yfirskriftinni Raunveruleikatékk. Með fjölda sýninga innlendra og erlendra ljósmyndara í sýningarsölum, söfnum og á götum úti er áhersla lögð á margbreytileika miðilsins, en ljósmyndun er tæki og aðferð samtímans til að snerta raunveruleikann á yfirborðinu, í hugarheiminum, eða einfaldlega upplifun og reynslu dagsins í dag.

Dregið hefur úr ferðum landsmanna til útlanda og þess sér greinilega stað í mikilli fjölgun gesta á listviðburðum hér á landi, enda lítur meirihluti þjóðarinnar á listir og menningu sem sjálfsagðan og órjúfanlegan þátt af daglegu lífi sínu - og þannig á það líka að vera.

Velkomin á Listahátíð 2010



Stjórnandi: Hrefna Haraldsdóttir
Framkvæmdastjóri: Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir
Kynningarstjóri: Steinunn Þórhallsdóttir
Verkefnastjórn: Guðrún Norðfjörð, Gréta María Bergsdóttir, Greipur Gíslason
Miðasölustjóri: Edda Hrönn Gunnarsdóttir


Verndari: Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
Heiðursforseti: Vladimir Ashkenazy
Formaður fulltrúaráðs: Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjórinn í Reykjavík
Varaformaður fulltrúaráðs: Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Stjórn Listahátíðar skipa:
Inga Jóna Þórðardóttir, formaður, skipað af borgarstjóra
Ingimundur Sigfússon, varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra
Margrét Bóasdóttir, kosin af fulltrúaráði Listahátíðar

Miðasala: www.listahatid.is, www.midi.is og í síma 552 8588



Einkennismynd Listahátíðar í ár, Afi, eftir Friðgeir Helgason.



Opnunartónleikar
Listahátíðar

AMADOU & MARIAM

MEÐ HLJÓMSVEIT

„Ómótstæðilegt tónlistarfjör
og taktveisla!“

BBC Music Magazine

„Ótrúlega vel heppnuð blanda
af léttu gripandi afrísku
poppi og vestrænu.“

Árni Matthíasson - Morgunblaðið

Amadou & Mariam koma með vorið til Reykjavíkur og fylla Laugardalshöllina af fjöri þann 12. maí á opnunartónleikum Listahátíðar. Amadou & Mariam, eða blinda parið eins og þau eru oft nefnd, eru frá Malí og hafa starfað saman í ríflega 30 ár eða síðan þau kynntust á heimili fyrir blind ungumenni í heimalandi sínu.

Amadou & Mariam hafa vakið heimsathygli fyrir einstakan og líflegan tónlistarbræðing sinn og leikið með heimsfrægum vestrænum tónlistarmönnum á borð við Manu Chao, Coldplay og Damon Albarn. Þau léku nýverið fyrir Barack Obama við afhendingu Nóbelsverðlaunanna í Ósló og á hinni virtu Lollapalooze tónlistarhátíð í Chigaco og munu leika á opnunartónleikum HM í knattspyrnu í júní næstkomandi í Suður-Afríku.

Amadou & Mariam koma hingað til lands með hljómsveit og sannkallaða heimstónlistarstemningu sem samanstendur af rafmagnsgíturum, kúbverskum lúðrum, egypskum ney flautum, sýrlenskum fiðlum, indverskum tablas trumbum og margvíslegum ásláttarhljóðfærum frá Malí.

★ LAUGARDALSHÖLL MID. 12. MAÍ KL. 20.30
MIÐAVERÐ: 4.500 OG 5.500

TÓNLEIKARNIR ERU SAMSTARFSVERKEFNI LISTAHÁTÍÐAR OG FAXAFLÓA EHF.



RÓMEÓ OG JÚLÍA

VERÐLAUNASÝNING FRÁ LITHÁEN Í LEIKSTJÓRN OSKARAS KORŠUNOVAS

Á Listahátíð í Reykjavík gefst einstakt tækifæri til að sjá rómuðustu ástarsögu allra tíma, Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare í stórbrotinni upp færslu litháíska leikstjórans Oskaras Koršunovas. Þessi uppsetning hefur ferðast um allan heim og hlotið fjölda verðlauna. Oskaras Koršunovas stýrir Borgarleikhúsi Vilnius og er einn fremsti leikstjóri Evrópu í dag. Koršunovas lætur verkið gerast meðal bakara og berjast ættirnar tvær ekki bara um völdin í Verónaborg heldur líka um það hver bakar besta brauðið og sætustu kökurnar. Mikill kraftur, hómor og magnað sjónarspil einkennir sýninguna. Sannkallaður hvalreki fyrir leikhúsáhugafólk.

BORGARLEIKHÚSIÐ FÖS. 14. MAÍ OG LAU. 15. MAÍ KL. 20
MIÐAVERÐ: 3.950 OG 4.500

SAMSTARFSVERKEFNI BORGARLEIKHÚSSINS
 OG LISTAHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK


ÓPERUVEISLA KRISTINS SIGMUNDSSONAR

Kristinn Sigmundsson, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Óperukórinn

Kristinn Sigmundsson er fastagestur í virtustu óperuhúsum heims og fær hvarvetna mikið lof fyrir flutning sinn. Nú heldur hann sína fyrstu tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands um langt árabíl og syngur eftirlætis óperuariur sínar á lokatónleikum Listahátíðar ásamt Óperukórnum. Fluttar verða ariur, forleikir og kórar meðal annars úr Rakaranum frá Sevilla, Fidelio, Don Carlo og Hollendingnum fljúgandi. Hljómsveitarstjóri er Petri Sakari og kórstjóri er Garðar Cortes.

LOKATÓNLEIKAR LISTAHÁTÍÐAR Í HÁSKÓLABÍÓI LAU. 5. JÚNÍ KL. 17
MIÐAVERÐ: 4.200 OG 4.900

SAMSTARFSVERKEFNI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS OG LISTAHÁTÍÐAR



LEIF OVE ANDSNES CHRISTIAN TETZLAFF TANJA TETZLAFF

Listahátíð í Reykjavík er það mikil ánægja að geta boðið velkomnar þrjár stjórnur klassískra einleikara, hinn heimskunna norska píanóleikara Leif Ove Andsnes ásamt þýsku systkinunum Christian Tetzlaff fiðluleikara og Tanja Tetzlaff sellóleikara. „Magnaður kraftur og hrífandi innsæi“ eru orð blaðamanns Daily Telegraph um samstarf þessara merku tónlistarmanna sem hafa ástríðu fyrir kammertónlist. Á tónleikunum á Listahátíð sameinar þetta sannkallaða súpertrío krafta sína í rómantískri og tilfinningaríkri efnisskrá sem að hluta til er tileinkuð Robert Schumann en í ár eru 200 ár liðin frá fæðingu hans.

EFNISSKRÁ:
ROBERT SCHUMANN: FANTASIESTÜCKE ÓPUS 88
FYRIR PÍANÓ, SELLÓ OG FIDLU
LEOŠ JANÁČEK: ÆVINTÝRAMYNDIR FYRIR SELLÓ
OG PÍANÓ
ANTONÍN DVOŘÁK: SÓNATÍNA FYRIR FIDLU OG
PÍANÓ Í G-DÚR ÓPUS 100
ROBERT SCHUMANN: PÍANÓTRÍÓ NR. 3 Í G-MOLL
ÓPUS 110

HÁSKÓLABÍÓ FIM. 13. MAÍ KL. 20
MIÐAVERÐ: 4.200 OG 4.900

NORSKA SENDIRÁÐIÐ ER STYRKTAÐILI TÓNLEIKANNA

„Tónlistarsamstarf sem einkennist af hrífandi innsæi og krafti.“

– Daily Telegraph

„Það er erfitt að finna nógu sterk orð til að lýsa þessum frábæra píanóleikara, kraftmiklum leik hans, nákvæmni og fágun.“

– BBC Music Magazine

„Leif Ove sameinar ljóðrænu og yfirburðataekni í hverju sem hann tekur sér fyrir hendur.“

– Víkingur Heiðar Ólafsson

RYK Á BOOK

BENNI HEMM HEMM, ALASDAIR ROBERTS OG
 BLÁSARASVEIT REYKJAVÍKUR UNDIR STJÓRN
 TRYGGVA M. BALDVINSSONAR

Glænýtt tón- og textaverk eftir Benedikt H. Hermannsson sem frumflutt verður á Listahátíð í Reykjavík. Í verkinu er íslensku og skosku att saman svo úr verður tungumál sem hljómar kunnuglega en er þó framandi. Söngvararnir tveir, Benedikt H. Hermannsson og hinn skoski Alasdair Roberts, syngja persónulega og nærgöngula texta hvor á sínu tungumálinu – stundum má þeir hvor annan út en annars staðar hjálpast þeir að og lyfta hvor öðrum upp. Blásarasveit Reykjavíkur heldur söngvunum uppi og flæðir inn í textaeyður og stundum tekur hún völdin og sprengir þakið af húsinu.

ÍSLENSKA ÓPERAN FIM. 3. JÚNÍ KL. 20
MIÐAVERÐ: 2.900

AIM Á AKUREYRI, KETILHÚSIÐ LAU. 5. JÚNÍ KL. 15





UPPLIFUN Í HLJÓÐI

MARILYN MAZUR-SIDSEL ENDRESEN

Það er óhætt að lofa ógleymanlegri stund þegar Marilyn Mazur og Sidsel Endresen stíga á stökk ásamt framúrskarandi norrænum jazzistum á tvöföldum tónleikum í tilefni 20 ára afmælis Jazzhátíðar Reykjavíkur og 40 ára afmælis Listahátíðar í Reykjavík. Það sem sameinar þessar frábæru tónlistarkonur er sjálfsprottin tón- og taktsköpun, sem verður að melódískum og rytmískum galdri í meðförum þeirra. Marilyn Mazur er gríðarlegur áhrifavaldur í djass- og heimstónlist og lék hún lengi á slagverk með Miles Davis og Wayne Shorter. Sidsel Endresen hefur um árabil veitt ferskum vindum inn í spunatónlist um allan heim og tilheyrir þeim hópi listamanna sem skilgreinir og endurskilgreinir tónlistina í sífelli.

NORSKA SENDIRÁÐIÐ ER
STYRKTAÐILI TÓNLEIKANNA

ÍSLENSKA ÓPERAN FÖS. 14. MAÍ KL. 20
MIÐAVERÐ: 3.500

MARÍUSÖNGVAR Í KRISTSKIRKJU

CARMINA KAMMERKÓR

Fjöldi tónskálda hefur í gegnum tíðina helgað Maríu meyk sín og endurreisnin var sannkallað blómaskeið slíkra Maríusöngva. Kammerkórinn Carmina ásamt einsöngvurum syngur Maríusöngva á tvennum tónleikum í Kristskirkju, meðal annars hið víðfræga Ave Maria eftir Josquin des Prez, sem hefur verið kallað „Mona Lisa endurreisnartónlistarinnar“. Þá syngur kórinn einnig tvö magnþrungið tónverk sem byggja á Harmljóðum Jeremía spámanns, eftir Thomas Tallis og Orlando di Lasso. Fyrsti hljómdiskur Carminu, Melódía, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2009 fyrir besta disk í flokki sígildrar tónlistar og var valinn einn af bestu diskum ársins 2009 í breska tímaritinu Gramophone. Stjórnandi er Árni Heimir Ingólfsson.

KRISTSKIRKJA LAU. 15. MAÍ OG SUN. 16. MAÍ KL. 16
MIÐAVERÐ: 2.500



BEDROOM COMMUNITY – THE WHALE WATCHING TOUR

VALGEIR, NICO, BEN, SAM, NADIA, BORGAR, UNA, HELGI HRAFN, DANÍEL OG FLEIRI

Bedroom Community er einstakt tónlistar- og útgáfusamstarf sem getið hefur af sér hverja snilldarplötuna á fætur annarri og ógleymanleg augnablik á tónleikum. Tónleikaferðalag þeirra um Evrópu, The Whale Watching tour, er byggt upp í sönnum Bedroom Community anda þar sem allir listamennirnir taka virkan þátt í að flytja tónlist hver annars á sviðinu, rétt eins og þeir hafa gert í hljóðverinu undanfarin ár. Lagalistinn líður á milli nýklassískra tónsmíða Nicos, raftónlistar Valgeirs, noise-tónlistar Bens og þjóðlaga sem Sam hefur sett í nýjan búning. Með þeim í Hvalaskoðunarferðinni eru Nadia Sirota, viola; Una Sveinbjarnardóttir, fiðla, Borgar Magnason, kontrabassi og Helgi Hrafn Jónsson, básúna og söngur. Daníel Bjarnason, tónskáld og stjórnandi, opnar tónleikana með eigin verki fyrir litla hljómsveit.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ SUN. 16. MAÍ KL. 20
MIÐAVERÐ: 3.500

MEGAS – AÐFÖR AÐ LÖGUM

STRENGJAKVINTETT, KÓR OG HLJÓMSVEIT

Tímamótatónleikar þar sem Megas, ásamt gestasöngvurum, hljómsveit, strengjakvintett og kór, horfir fram á merkan feril sinn í bakssýnisspegli á stórtónleikum í Háskólabíói. Megas flytur meðal annars nýjar útsetningar tónskáldsins Þórðar Magnússonar og er þetta í fyrsta sinn sem feðgarnir vinna saman. Meðal tónlistarmanna sem koma fram eru Ágústa Eva Erlendsdóttir, Birgir Baldursson, Birgir Bragason, Bryndís Halla Gylfadóttir, Eðvald Lárusson, Einar Melax, Guðlaugur Kristinn Óttarsson, Hávarður Tryggvason, Helga Þórarinsdóttir, Hjörleifur Valsson, Hörður Bragason, Sigrún Eðvaldsdóttir og Zbigniew Dubik.

HÁSKÓLABÍÓ 2. Í HVÍTASUNNU, MÁN. 24. MAÍ KL. 21
MIÐAVERÐ: 5.500



„Það er gaman að vera kominn
á stall með niðjum sínum
og tengdafólki, þetta verður útírvírað.“
Megas

SÖNGVAR HARMS

OG HLÁTURS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT VAASABORGAR, CAPUT OG EINLEIKARAR

Leiðarstef þessa finnsk/íslenska samstarfs er óður og lofgjörð til lífsins og flutt verður tónlist eftir íslensk og finnsk tónskáld frá síðustu 100 árum: Sibelius, Markus Fagerudd, Toivo Kula og Jón Nordal. Einnig verður Flautukonsert nr. 2 eftir Atla Heimi Sveinsson frumfluttur á Íslandi. Einleikarar og söngvari: Bryndís Halla Gylfadóttir, selló, Kolbeinn Bjarnason, flauta, Tatu Kantoma, harmónika og Jorma Uotinen „chanson“- söngvari.

ÍSLENSKA ÓPERAN MIÐ. 19. MAÍ KL. 20
MIÐAVERÐ: 2.500

Stjórnandi:
Guðni Franzson



„Gleðin í spilamennskunni var einstök, lífleg og mjög heillandi. Maður náði vart andanum í sprelllifandi flutningnum og tónlistin hreif hlustandann með. Innlifunin var sterk og andríkið ómótstæðilega kraftmikið.“

Katariina Jarvinen um tónleika Caput
og Sinfóníuhljómsveitar Vaasaborgar í Vaasa í
Finnlandi í apríl 2009.



HÚSLESTRAR Á

HEIMILUM RITHÖFUNDA

ANDRI SNÆR MAGNASON, AUÐUR JÓNSDÓTTIR,
GUÐRÚN HELGADÓTTIR, KRISTÍN ÓMARSÓTTIR,
ODDNÝ EIR ÆVARSDÓTTIR, SIGRÚN ELDJÁRN,
SÖLVI BJÖRN SIGURÐSSON OG VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

Höfundar opna dyr sínar upp á gátt og halda húslestra á heimilum sínum á Listahátíð. Hver viðburður er einstakur og aðeins fá sæti í boði. Í húslestrunum ægir öllu saman; ljóðum, sögubrotum, barnabókmenntum, útgefnu efni og nýskrifuðu.

LAU. 29. MAÍ KL. 14-17
SUN. 30. MAÍ KL. 14-17
MIÐAVERÐ: 1.000

AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR

HEIMILISTÆKJASIRKUS MEÐ KRISTJÁNI INGIMARSSYNI OG ÓLAFÍU HRÖNN JÓNSDÓTTUR

Hjartnæmur heimilistækjasirkus eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson, sem jafnframt er leikstjóri. Tugþraut í tengiflugi - Nílfisk sjónhverfingar - Hrærivélasamdrættir - Flögrandi forréttir - Samhæfður klútaðans og fleiri töfrandi uppákomur hjá þessu undursamlega sambýlislólki. Einstakur húmor, færni og hugmyndaflug hafa verið einkennismærki listafólksins sem kemur að þessu verki en fjórmenningsarnir vinna nú að sinni fyrstu sýningu saman. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, CommonNonsense og Listahátíðar í Reykjavík.

✿ **ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ, FRUMSÝNING 20. MAÍ KL. 20**
AÐRAR SÝNINGAR: 21., 22., 27., 28. MAÍ, 3., 4. OG 5. JÚNÍ
MIÐAVERÐ: 2.500



BRÚÐULEIKSÝNING UNDIR BERU LOFTI

Kanadíska brúðuleikkonan Julie Desrosiers flytur okkur Grimmsævintýrið Rapunzel (Garðabrúðu) á þremur stöðum í miðbænum laugardaginn 15. maí. Brúðuleikkonan, í hlutverki Garðabrúðu, segir okkur sögu stúlkunnar sem hefur nú vaxið úr grasi, hátt, hátt í loft upp. Í gríðarstóru pils, galdrar Rapunzel fram allar persónur ævintýrisins, eina af annarri og rekur atvikin sem skópu líf hennar. Þetta er skráttin saga og ógnvekjandi, sorgleg og skemmtileg. Myndræn og falleg útsýning sem hrífur jafnt börn sem fullorðna.

✿ **MIÐBORGIN LAU. 15. MAÍ KL. 13, 14.30 OG 16**
AÐGANGUR ÓKEYPIS



HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK

GÁSKAFULL OG GLETTIN LEIKHÚS- OG TÓNLISTARVEISLA FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tónævintýrið um herra Pott og ungfrú Lok er draumur lítills drengs um að áhöldin í eldhúsinu lifni við. Tónlistin segir sögu djass, tangó, charleston og foxtrott. Sögumaður flytur við undirleik sex hljóðfæraleikara og í lokin er spuni í léttum dúr og samskipti við áhorfendur. Sögumaður og leikari er Sólveig Simha. Tónlist er eftir Bohuslav Martinu og saga eftir Christophe Garda. Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir. Ein sýning verður á frönsku. Samstarfsverkefni Óperarctic félagsins og Þjóðleikhússins. Sýningin er studd af Alliance française, Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóði og Barnmenningarsjóði.

✿ **ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ LAU. 29. MAÍ KL. 13.00 OG 15.00, 30. MAÍ KL. 13.00 OG 15.00, 3. JÚNÍ KL. 17.00 (SÝNING Á FRÖNSKU), 5. JÚNÍ KL. 13.00 OG 15.00.**
MIÐAVERÐ: 1.500

„Ótrúleg, hrífandi og súrrealísk tónlistar- og leikhúsupplifun; fullkomlega sérvískuleg, frumleg og ósvífin listræn snilld í mörgum víddum. Enginn flutningur hefur hrífið mig jafn mikið á undanförunum árum.“

www.jazzhouse.org

„Finnsla svarið við Björk ... Kimmo kemur manni algjörlega í opna skjöldu. Tær snilld.“
New Internationalist

KIMMO POHJONEN HARMÓNIKUÆRINGINN FRÁ FINNLANDI

Að hlusta á Kimmo Pohjonen er stórbrotin upplifun sem umbyltir öllum hugmyndum um hvernig harmónika hljómar og hvernig tónlist skuli leikin á hana. Kimmo Pohjonen er framúrstefnulegur finnskur tónlistarmaður og harmónikulistamaður. Hann kemur fram á einum tónleikum í NASA og bruggar þar magnaðan seið með sömplum, ljósum og slagsmálum við hljóðfærið sem vikka út sjóndeildarhring allra viðstaddra. Hjá Kimmo er húmorinn aldrei langt undan og hann hefur samið, tekið upp tónlist og leikið með ólíkum tónlistarmönnum víða um heim, strengjasveitum, butoh-dönsurum og áströlskum landbúnaðartækjum svo eitthvað sé nefnt og samið tónlist fyrir kvikmyndir, dansverk og leiksýningar. Fyrir nokkrum vikum lék hann með Kronos kvartettinum í Carnegie Hall og hlaut rífandi móttökur áhorfenda og gagnrýnenda.

✿ **NASA FÖS. 21. MAÍ KL. 21**
STANDANDI TÓNLEIKAR. MIÐAVERÐ: 2.900

SCHUBERT Á SUNNUDAGS-MORGNUM



MORGUNTÓNLEIKARÖÐ ÁGÚSTS ÓLAFSSONAR BARÍTÓNSÖNGVARA OG GERRITS SCHUILS PÍANÓLEIKARA

Þrjá sunnudaga í röð í Fríkirkjunni í Reykjavík gefst fágætt tækifæri til að njóta með stuttu millibili beggja ljóðasöngflokka Schuberts auk söngvasafns sem gefið var út að honum látnum undir heitinu Svanasöngur.

MALARASTÚLKAN FAGRA sun. 16. maí, kl. 11
VETRARFERÐIN sun. 23. maí, kl. 11
SVANASÖNGUR sun. 30. maí, kl. 11

✿ **FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK**
MIÐAVERÐ: 2.000 Á EINA TÓNLEIKA, 4.500 Á ALLA ÞRENN TÓNLEIKANA

HÁDEGISHLAÐBORD Í IDNÓ TÓNLEIKADAGANA

TAKTU FLUGIÐ Á LISTAHÁTÍÐ

FLUGFÉLAG ÍSLAND BÝÐUR LANDSBYGGÐARFÓLKI SÉRSTAKA PAKKA Í TILEFNI LISTAHÁTÍÐAR. NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FLUGFELAG.IS



FRÁ HLÍÐUM HELVÍTIS TIL HIRÐA EVRÓPU

TÓNLIST OG BÓKMENNTIR 18. ALDAR

Ísland á stefnumót við meginlandið í efnisskrá kammerhópsins Nordic Affect. Á tónleikunum verður tónlistararfi Evrópu á 18. öld fléttað saman við bókmenntir frá Íslandi á sama tíma. Spannandi veisla í tónum og tali þar sem tónasníld 18. aldar, mataruppskriftir, ljóð og fjallgöngur koma við sögu. Flytjendur eru þær Halla Steinunn Stefánsdóttir, barokkfiðla; Georgia Browne, barokkþverflauta; Hanna Loftsdóttir, barokkselló og Guðrún Óskarsdóttir, semball. Um upplestur sér útvarpsmaðurinn og sagnfræðingurinn Guðni Tómasson.

🌟 **ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ MIÐ. 2. JÚNÍ KL. 20**
MIÐAVERÐ: 2.500



LUMEN

LEIKUR AÐ LJÓSI
ADAPTER

Þýsk/íslenski kammerhópurinn Adapter sérhæfir sig í flutningi samtímatónlistar og vinnur náið með ungum tónskáldum, myndlistarmönnum, dönsurum og rithöfundum. Á Listahátíð kannar hópurinn sjónræna eiginleika tónlistarinnar og hljóðræna eiginleika ljóssins ásamt myndlistarmanninum Halldóri Úlfarssyni. Þau frumflytja á Íslandi splunkuný tónverk eftir finnsku tónskáldin Antti Auvinen og Sami Klemola sem samín voru fyrir hópinn. Meðal hljóðfæra eru ljósaperur, lasergeislar og eldur ásamt „ljósaahljóðfærum“ Halldórs. Á efnisskránni eru einnig meistaraverk nútímatónbókmenntanna sem flutt verða í samspili ljóss og skugga: Lumen eftir Franco Donatoni og A Twilight Song eftir Matthias Pintscher. Adapter skipa: Kristjana Helgadóttir, flauta; Ingólfur Vilhjálmsson, bassi og klarinetta; Gunnhildur Einarsdóttir, harpa; Marc Tritschler, píanó og Matthias Engler, slagverk.

🌟 **LISTASAFN ÍSLANDS SUN. 23. MAÍ KL. 21**
MIÐAVERÐ: 2.500



FRUMFLUTNINGUR Á ÍSLANDI:

VORTEX TEMPORUM

NJÚTON OG THE FORMALIST QUARTET
FLYTJA MEÐAL ANNARS VERK GÉRARD
GRISEY OG ATLA INGÓLFSSONAR

Íslenski tónlistarhópurinn Njúton og bandaríski strengjakvartettinn The Formalist Quartet leiða saman hesta sína og frumflytja á Íslandi eitt af stórvirkjum tónlistarsögu 20. aldar, Vortex Temporum eftir franska tónskáldið Gérard Grisey. Tónlist Grisey hefur lítið hljómað á Íslandi en hann er eitt af höfuðskáldum spekraltónlistar. Jafnframt verður frumflutt nýtt verk eftir Atla Ingólfsson, innblásið af Gérard Grisey. Einnig verða fluttir tveir strengjakvartettar eftir Úlfar Inga Haraldsson og Nicholas Deyoe.

Á tónleikunum koma fram: Berglind María Tómasdóttir, flauta; Brian Walsh, klarinett; Mark Menzies, fiðla/víola/stjórnandi; Andrew McIntosh, fiðla/víola; Andrew Tholl, fiðla; Ashley Walters, selló og Tinna Þorsteinsdóttir, píanó. Strengjaleikararnir eru allir meðlimir í strengjakvartettnum The Formalist Quartet sem hefur notið mikillar velgengni vestanhafs.

🌟 **ÍSLENSKA ÓPERAN FÖS. 4. JÚNÍ KL. 20**
MIÐAVERÐ: 2.900



ORQUESTA CHEKARA FLAMENCA

TÓNLIST OG FLAMENCODANS FRÁ SPÁNI OG MAROKKÓ

Mikilfenglegt ferðalag um tónlistarhefð Suður-Spánar og Marokkó. Einstakt tækifæri til að upplifa beint í æð þessa samofnu tónlistarhefð landanna tveggja beggja vegna Gíbraltarsunds sem deila sögu um dýrð, drottun, stríð og frið. Hljómsveitin færir áhorfendum á Listahátíð dagskrá sem bræðir saman flamencodans við al-ala tónlist sem leikin var í Andalúsíu á blómlegum tímum mánaríkis. Arabísk-andalúsíska hljómsveitin Orquesta Chekara Flamenca de Tetuán var stofnuð fyrir meira en 50 árum af hinum merka Abdessakak Chekara og er hún nú undir stjórn marokkóska fiðluleikarans og söngvarans Jallal Chekara. Hópurinn sló rækilega í gegn á WOMEX heimstónlistarhátíðinni í Kaupmannahöfn í haust.

🌟 **ÍSLENSKA ÓPERAN SUN. 30. MAÍ KL. 20**
MIÐAVERÐ: 3.500



FLAMENCO - DJARFUR DANS OG TÖFRANDI TÓNAR

-Námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.
Umsjón Dr. Guðrún Ingimundardóttir tónlistarmannfræðingur,
með þátttöku Orquesta Chekara Flamenca.
Skráning á www.endurmenntun.is


Á MÖRKUNUM?

SÖNGLÖG Í NÝJUM ÚTFÆRSLUM EFTIR BJÖRK OG FLEIRI TÓNSKÁLD „Á MÖRKUNUM“

Ásgerður Júníusdóttir messósópran og Jónas Sen píanónleikari og útsetjari flytja sönglög sem mörgum eru kunn og kær eftir Björk Guðmundsdóttur, Gunnar Reyni Sveinsson og Magnús Blöndal Jóhannsson í nýjum útsetningum og útfærslum. Stefnt er saman þremur ólíkum tónskáldum sem eiga það sameiginlegt að hafa samið tónlist sem er á mörkum klassískrar tónlistar og annarra tónlistarstefna og heyra má áhrif frá jazz, kvikmyndatónlist, dægurtónlist og popptónlist. Á tónleikunum mun Jónas leika á orgel, píanó, selestu, sembal og rafmagnshljómborð. Hann lék á þessi hljóðfæri og fleiri á yfir 70 tónleikum í heimsreiðu Bjarkar á árunum 2007 – 2008 og hefur nú útsett yfir fjórutíu lög hennar fyrir rödd og ýmis hljómborðshljóðfæri.

🌟 **ÍSLENSKA ÓPERAN MIÐ. 26. MAÍ KL. 20**
MIÐAVERÐ: 2.900

SKRÍÐUKLAUSTUR SUN. 30. MAÍ KL. 16





LAU. 22. MAÍ KL. 14
UNDIR FRÖNSKU FLAGGI
Sólveig Samúelsdóttir og
Vadim Fedorov hjá Ragnhildi
Stefánsdóttur
Skerplugötu 7, 101 R.

LAU. 22. MAÍ KL. 15
**KLASSÍSK GÍTARVERK FRÁ
16. ÖLD TIL VORRA DAGA**
Kristinn Árnason hjá
Guðrúnu Kristjánsdóttur
Baldursgötu 12, 101 R.

LAU. 22. MAÍ KL. 16
**FULLKOMIN RÓ, BRJÁL-
ÆDISKENND HUGSÝN EÐA
TRÚIN Á EINLÆGNINA**
Óskar Guðjónsson hjá Helga
Þorgils Friðjónssyni
Brautarholti 18, 105 R

LAU. 22. MAÍ KL. 17
**STEFNUMÓT: HLJÓÐ OG
MYND**
Megas hjá Haraldi Jónssyni
Nýlendugötu 15, 101 R.
Myndhöggvarafélagið

LAU. 22. MAÍ KL. 18
STUTT EN GÓÐ HEIMSÓKN
Sigríður Thorlacius og
félagar í vinnustofu
Dávíðs Arnar Halldórssonar
Skólastræti 3b, 101 R.

SUN. 23. MAÍ KL. 12
4 PLÚS 47
Laufey Sigurðardóttir og
Elísabet Waage hjá Steinunni
Þórarinsdóttur
Sólvallagötu 70. 101 R.

SUN. 23. MAÍ KL. 13
MESSIAEN OG MEIRA TIL
Anna Guðný Guðmundsdóttir
hjá Kristínu Gunnlaugsdóttur
Unnarbraut 20,
170 Seltjarnarnesi

SUN. 23. MAÍ KL. 14
AUGNABLIK
Freyja Gunnlaugsdóttir og
Hanna Dóra Sturludóttir hjá
Sigtryggi Bjarna Baldvinsyni
Flókagötu 17, 105 R

SUN. 23. MAÍ KL. 15
21. ALDAR GLEFSUR
Una Sveinbjarnardóttir og
Valgeir Sigurðsson
hjá Gjörningaklúbbnum
Mýrargötu 28, 101 R.
(Saltfélagshúsið)

SUN. 23. MAÍ KL. 16
PÍPARI OG GLÓBRYSTINGUR
Einar Jóhannesson og Robyn
Koh hjá Guðmundi Ingólfssyni
Eyjarslóð 9, 101 R. Ímynd

SUN. 23. MAÍ KL. 17
RÉVERIE
Þóra Einarsdóttir og Elíasbet
Waage hjá Sigurði Árna
Sigurðssyni
Súðarvogi 40, 104 R.

SUN. 23. MAÍ KL. 18
**NÝLÓKÓRINN FLYTUR
FREYSKÖTLU**
hjá Magnúsi Pálssyni
Korpúlfsstöðum, 112 R.



BRÆÐUR

DJARFT OG KRAFTMIKIÐ DANSVERK UM KARLMENN

Bræður er áhrifamiklað dansverk um karlmenn þar sem dans, leikur, tónar og sjónlist mætast með djörfum og kraftmiklum hætti. Í verkinu er hugurheimur og veruleiki karlmanna í fyrirrúmi, séður með augum karla og kvenna í gegnum gleði, svita og tár. Bræður er hugverk þeirra Ástrósar Gunnarsdóttur, Láru Stefánsdóttur og Hrafnhildar Hagalín. Útlit og búningar eru í höndum Filippíu Elísðóttur og Ragnhildur Gísladóttir semur tónlist. Bræðurnir eru þeir Jorma Uotinen, Vinicius, Ívar Örn Sverrisson, Ívar Helgason, Aðalsteinn Kjartansson, Gunnlaugur Egilsson, Brian Gerke o.fl

🌟 **ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ FIM. 27. MAÍ OG FÖS. 28. MAÍ KL. 20**
MIÐAVERÐ: 3.400

HAMAR, ÍSTAÐ OG STEÐJI

- SAMRÆÐA UM TÓNLIST Í SAMTÍMANUM

STJÓRNANDI ELÍSABET INDRÁ RAGNARSDÓTTIR

Deiglan í samtímatónlist skoðuð ásamt litríkum hópi tónlistarmanna sem margir hverjir koma fram á Listahátíð. Þátttakendur eru Anna S. Þorvaldsdóttir tónskáld, Berglind María Tómasdóttir flautuleikari, Daníel Bjarnason tónskáld, Halldór Úlfarsson hljóðfærahönnuður og myndlistarmaður, Dávíð Brynjar Franzson tónskáld og Njörður Sigurjónsson, doktor í menningarstjórnun.


🌟 **KJARVALSSTAÐIR ÞRI. 1. JÚNÍ KL. 20**
AÐGANGUR ÓKEYPIS

VINNUSTOFUTÓNLEIKAR

TÓLF TÓNLEIKAR Á TVEIMUR DÖGUM UM ALLA BORG

Í ár leiðir Listahátíð saman myndlistarmenn og tónlistarmenn á Vinnustofutónleikum, þar sem myndlistarmenn opna vinnustofur sínar fyrir tónleikum tónlistarfólks. Hér er á ferð einstakt tækifæri til upplifunar jafnt fyrir myndlistar- og tónlistaráhugamenn. Alls er um tólf tónleika að ræða sem hefjast á klukkutíma fresti, laugardag og sunnudag.

🌟 **MIÐAVERÐ: 1.500**



Iceland Express styrkir
Listahátíð í Reykjavík

Iceland Express 
Með ánægju



Ljósmyndir: Aslaug Snorradóttir

RAUNVERULEIKATÉKK

LJÓSMYNDIR Á LISTAHÁTÍÐ

FJÖLDI LJÓSMYNDASÝNINGA ER Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Í ÁR, Í SÖFNUM, GALLERÍUM OG Á GÖTUM ÚTI. Í TÍLFNI ÞESS VERÐUR GEFIN ÚT SÉRSTÖK SÝNINGARSKRÁ SEM AÐGENGILEG VERÐUR Á ÖLLUM SÝNINGARSTÖÐUM.



UNTITLED FILM STILLS
Cindy Sherman
Listasafn Íslands



David Byrne
MORAL DILEMMAS
Í upplýsingastöndum,
miðborginni
INSIDE OUT
Gluggar Hafnarhúss



ANNAÐ AUGA
Ljósmyndaverk úr safneign
Péturs Arasonar og
Rögnu Róbertsdóttur
Listasafn Reykjavíkur,
Kjarvalsstaðir



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON,
SITUATIONS AND OTHER
PHOTO WORKS 1974-1982
i8 Gallery



EQUIVOCAL THE SEQUEL
Katrín Elvarsdóttir
Gallerí Ágúst



NEKT
Gary Schneider
Listasafn Reykjavíkur,
Hafnarhús



111
Maria Dembek og Robin McAulay
Kling og Bang



Í SAFNI ÓFULLKOMLEIKANS
Unnar Örn J. Auðarson
Listasafn Reykjavíkur,
Hafnarhús



RAUNVERULEIKATÉKK
Daniel Þorkell Magnússon, Eggert
Jóhannesson, Haraldur Jónsson,
Ieva Epera, Hlynur Hallsson,
Ingvar Högni Ragnarsson,
Kristleifur Björnsson, Libia
Castro og Ólafur Ólafsson, Óskar
Hallgrímsson, Silja Sallé, Spessi
og Vera Pálsdóttir
Útiljósmyndasýning á húsveggjum
í miðborg Reykjavíkur



EFNASKIPTI
Anna Línal, Guðrún Gunnarsdóttir,
Hildur Bjarnadóttir, Hrafnhildur
Arnardóttir og Rósa Sigrún Jónsdóttir
Listasafn Reykjaneshæjar



BREIÐHOLT, Í AUGNABLIKINU
Friðgeir Helgason
Gerðuberg



straumur-burðarás
Ingólfur Arnarson,
Ívar Brynjólfsson, Ívar
Valgarðsson, Jón Laxdal
Halldórsson, Kristján
Guðmundsson




CHARLIEHOTEL-
ECHOECHOSIERRAECHO
Rosen/Wojnar
Nýlistasafnið



SVIPIR
Ragnar Axelsson
Crymgea



SÖGUSTAÐIR.
Í FÓTSPOR W. G. COLLINGWOOD
Einar Falur Ingólfsson og
Collingwood
Þjóðminjasafnið



NÚNA
THE PRESENT IS
NOW
Bára Kristinsdóttir,
Harri Pälviranta, Ívar
Brynjólfsson, Saara
Ekström, Bragi Þór
Jósefsson og Renja
Leino
Norraena húsið



GEIRI - LÍF OG LIST
ÁSGEIRS EMILSSONAR
Skaftfell – Miðstöð
myndlistar á Austur-
landi, Seyðisfirði



THOMSEN OG THOMSEN
Pétur Thomsen og
Pétur Thomsen
Ljósmyndasafn Reykjavíkur



SITES
Friederike von Rauch
Hafnarborg



FYRIRMYNDIR
Ólöf Nordal
Listasafn ASÍ, Ásmundarsalur

NÁMSKEIÐ HJÁ ENDURMENNTUN HÍ
Ljósmyndun: Nútímamiðill með 170 ára sögu. Umsjón Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari.
Hefst 4. maí. Skráning á www.endurmenntun.is

Iceland Express



samskip



FRÉTTABLAÐIÐ



MIÐASALA

www.listahatid.is
www.midi.is
sími: 552 8588

GIMLI, LÆKJARGÖTU 3
OPIÐ: 10-16 VIRKA DAGA
midasala@artfest.is

MIÐASALA FLYST Á SÝNINGARSTAÐ
KLUKKUSTUND FYRIR VIÐBURÐ.

DAGSKRÁIN ER BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR

DAGSKRÁ

Listahátíð 12. MAÍ – 5. JÚNÍ
í Reykjavík 2010
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

		Staður og tími	Bls
12. MAÍ MIÐ	AMADOU OG MARIAM	Laugardalshöll kl. 20.30	3
13. MAÍ FIM	LEIF OVE ANDSNES, CHRISTIAN OG TANJA TETZLAFF	Háskólabíó kl. 20	5
14. MAÍ FÖS	UPPLIFUN Í HLJÓÐI; TVÖFALDIR JAZZTÓNLEIKAR	Íslenska óperan kl. 20	6
	RÓMEÓ & JÚLÍA, LEIKHÚS FRÁ LITHÁEN	Borgarleikhúsið kl. 20	4
15. MAÍ LAU	BRÚÐLEIKSÝNING UNDIR BERU LOFTI	Miðborg kl. 13, 14.30, 16	8
	MARÍUSÖNGVAR / CARMINA KAMMERKÓR	Kristiskirkja kl. 16	6
	RÓMEÓ & JÚLÍA, LEIKHÚS FRÁ LITHÁEN	Borgarleikhúsið kl. 20	4
16. MAÍ SUN	SCHUBERT Á SUNNUDAGSMORGNUM	Fríkirkjan kl. 11	9
	MARÍUSÖNGVAR / CARMINA KAMMERKÓR	Kristiskirkja kl. 16	6
	BEDROOM COMMUNITY	Þjóðleikhúsið kl. 20	6
19. MAÍ MIÐ	SÖNGVAR HARMS OG HLÁTURS / SINFÓNÍU- HLJÓMSVEIT VAASA, CAPUT OG EINLEIKARAR	Íslenska óperan kl. 20	7
20. MAÍ FIM	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8
21. MAÍ FÖS	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8
	KIMMO POHJONEN	NASA kl. 21	9
22. MAÍ LAU	VINNUSTOFUTÓNLEIKAR	kl. 14 – 18	12
	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8
23. MAÍ SUN	SCHUBERT Á SUNNUDAGSMORGNUM	Fríkirkjan kl. 11	9
	VINNUSTOFUTÓNLEIKAR	kl. 12 – 18	12
	LUMEN –LEIKUR AÐ LJÓSI / ADAPTER	Listasafn Íslands kl. 21	10
24. MAÍ MÁN	MEGAS – AÐFÖR AÐ LÖGUM	Háskólabíó kl. 21	7
26. MAÍ MIÐ	Á MÖRKUNUM? / JÓNAS SEN OG ÁSGERÐUR	Íslenska óperan kl. 20	11
27. MAÍ FIM	BRÆÐUR	Þjóðleikhúsið kl. 20	13
	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8
28. MAÍ FÖS	BRÆÐUR	Þjóðleikhúsið kl. 20	13
	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8
29. MAÍ LAU	HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK	Þjóðleikhúsið kl. 13 og 15	8
	HÚSLESTRAR Á HEIMILUM RITHÖFUNDA	kl. 14 – 17	7
30. MAÍ SUN	SCHUBERT Á SUNNUDAGSMORGNUM	Fríkirkjan kl. 11	9
	Á MÖRKUNUM? / JÓNAS SEN OG ÁSGERÐUR	Skríðuklaustur kl. 16	11
	HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK	Þjóðleikhúsið kl. 13 og 15	8
	HÚSLESTRAR Á HEIMILUM RITHÖFUNDA	kl. 14 – 17	7
	ORQUESTA CHEKARA FLAMENCA	Íslenska óperan kl. 20	11
1. JÚNÍ ÞRI	HAMAR, ÍSTAÐ OG STEÐJI - SAMRÆÐA UM TÓNLIST	Kjarvalsstaðir kl. 20	13
2. JÚNÍ MIÐ	NORDIC AFFECT-TÓNLIST OG BÓKMENNTIR 18. ALDAR	Þjóðmenningarhúsið kl. 20	10
3. JÚNÍ FIM	HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK	Þjóðleikhúsið kl. 17	8
	RYK Á BOOK / BENNI HEMM HEMM OG FLEIRI	Íslenska óperan kl. 20	5
	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8
4. JÚNÍ FÖS	VORTEX TEMPORUM/NJÚTON OG FORMALIST QUARTET	Íslenska óperan kl. 20	10
	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8
5. JÚNÍ LAU	HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK	Þjóðleikhúsið kl. 13 og 15	8
	RYK Á BOOK / BENNI HEMM HEMM OG FLEIRI	Ketilhúsið, Akureyri kl. 15	5
	ÓPERUVEISLA KRISTINS SIGMUNDSSONAR	Háskólabíó kl. 17	4
	AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR	Þjóðleikhúsið kl. 20	8